

Fundargerð 6. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2015, fimmtudaginn 19. nóvember, kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Birna Ólafsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Heimsókn á Nesvelli þann 12. nóv. 2015.
Rætt um heimsóknina og voru fundarmenn sammála um gagnsemi ferðarinnar sem nýtist vel í áframhaldandi undirbúningi fyrir hjúkrunarheimilið.
2. Útboðsgögn vegna hönnunar hjúkrunarheimilisins.
Drög að gögnum vegna arkitektaútboðs, liggja fyrir og eru tilbúin fyrir væntanlega bjóðendur. Sjá fylgiskjal. Rætt um möguleika að auka við 20 rými á Sólvangi. Umræða varð um hvort bjóða ætti út nýja heimilið og tengibygginguna með eða án Sólvangshússins.
3. Verk- og tímaáætlun.
Sviðsstjóri umhverfis og skipulags kynnti verk- og tímaáætlun. Sjá fylgiskjal. Stefnt er að því að nýja byggingin verði tilbúin að vori 2018 en eldri bygging tilbúin um áramótin 2018/2019.
4. Minnisblað um þjónustumiðstöð á Sólvangi frá sviðsstjóra fjölskylduþjónustu lagt fram, sjá fylgiskjal. Formaður lagði til að fundarmenn færu vel yfir skjalið fyrir næsta fund. Nauðsynlegt er að greina rýmisþörf í þjónustumiðstöð á grundvelli þeirrar greiningar sem liggur fyrir.
5. Fundur í velferðarráðuneyti 4. nóv. 2015.
Lagt fram bréf vegna fundar bæjarstjóra í velferðarráðuneytinu. Sjá meðfylgjandi bréf.
6. Íbúafundur vegna hjúkrunarheimilis og málefna aldraðra.
Ákveðið að halda íbúafundinn um miðjan janúar nk.

Fundi slitið kl. 17:15.